



Alþingi – nefndasvið
B.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi, 31. maí 2016

Efni: Ályktun stjórnar SASS um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, búnaðarlögum og tollalögum (búvörusamningar, búnaðarlagasamningur), 680. mál.

Stjórn SASS hefur fylgst með framvindu mála varðandi gerð og umfjöllun um búvörusamninga sem nú eru til afgreiðslu á Alþingi.

Mikilvægt er að skapa trausta umgjörð um landbúnað og matvælaframleiðslu til lengri tíma líkt og fyrirliggjandi samningi er ætlað að gera. Landbúnaður er ein af undirstöðuatvinnugreinum í landinu þegar kemur að því að tryggja vandaða innlenda, matvælaframleiðslu og atvinnu- og búsetumöguleika um land allt. Óvissa varðandi starfsskilyrði í landbúnaði bitnar þannig mjög á starfsöryggi og byggðafestu í dreifbýli og mikilvægt er að koma í veg fyrir það svo sem kostur er.

Samstarfið sem nú hefur tekist með gerð á tíu ára búvörusamningi er mjög til þess fallið að skapa góðan grunn og framtíðarsýn fyrir landbúnaðinn og skyldar greinar. Í starfsgreininni eru framleiðsluferlar oftast langir og í greininni er fyrir hendi rík fjárfestingarþörf svo nauðsynlegt er að búvörusamningar marki stefnu til lengri tíma.

Í samningnum eru endurskoðunarákvæði sem gefa alla möguleika til að sníða af þá agnúa sem kunna að koma í ljós eftir því sem samstarfinu vindur fram.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hvetur eindregið til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri